

Leiðrétting: SOLID CLOUDS AÐALFUNDUR 16. APRÍL 2026

Vantaði viðhengi í íslensku lýsinguna.

Stjórn Solid Clouds hf. boðar til aðalfundar fimmtudaginn 16. apríl 2026, kl 16:00 í höfuðstöðvum félagsins, Vegmúla 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

- Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda þess til samþykktar
- Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári og ákvörðun um arðgreiðslur
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
- Kjör endurskoðanda félagsins
- Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins
- Starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar
- Önnur mál

Fundargögn, þá m. tillögur stjórnar, eru aðgengileg á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/agm2026>.

Hluthafi og umboðsmaður hans getur skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá og með kl. 15:30 á fundardegi. Einnig er unnt að forskrá sig til kl. 14:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu á netfangið investors@solidclouds.com. Umboðsmaður sem hyggst skrá sig með tölvupósti þarf að framvísa undirrituðu umboði og útfylla umboðseyðublað og senda á sama netfang.

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthafa gefst kostur á að láta umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd enda framvísi umboðsmaður undirrituðu umboði frá hluthafa, sbr. framangreint.

Til þess að tillaga frá hluthafa, sem leggja á fyrir á fundinum, verði tekin þar til umræðu verður að skila tillögnum til stjórnar félagsins á netfangið investors@solidclouds.com í síðasta lagi fimm dögum fyrir fundinn.

Fjárfestatengsl:
Egill Örn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri
Netfang: egillsig@solidclouds.com

Viðhengi

[SOLID CLOUDS AÐALFUNDUR 16. APRÍL 2026](#)

[Adalfundarbod 2026](#)

[Umbodsform Vegna Adalfundar 2026](#)

[Frambodform Vegna Adalfundar 2026](#)

[Starfskjarastefna Solid Clouds](#)

[Arsreikningur Solid Clouds Hf 2025](#)